
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
25 09 2021
LITLI TÓNSPROTINN
Undur Jarðar með Stjörnu-Sævari

# Stjörnu-Sævar



Sævar Helgi er landsþekktur fyrir þekkingu sína og ástríðu á öllu milli himins og Jarðar, hann er allt í senn, jarðfræðingur og kennari, dagskrárgerðarmaður og rithöfundur. Sævar Helgi hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir störf sín og vísindamiðlun. Lífsmottóið hans er að glata aldrei barnslegri forvitninni og spyrja alltaf *af hverju?* Að reyna að nýta hvern dag til að láta gott af sér leiða og læra eitthvað nýtt um heiminn í leiðinni, til þess að gera þessa Jörð að betri stað.

***„Tónlistin í dag tengist merkilegustu reikistjörnu sem til er. Reikistjörnunni sem við öll eigum heima á. Reikistjörnunni Jörð. Við búum öll saman á Jörðinni, ekki bara við sem erum hér í dag, heldur líka óteljandi önnur dýr og plöntur. Jörðin er eina geimskipið okkar og við þurfum þess vegna að hugsa vel um það. Það er nefnilega ekki til nein önnur Jörð“.***

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Stoltur bakhjarl
KVIKA Eignastýring

Bakhjarl í flutningum
TVG-ZIMSEN

# TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## LAUGARDAGINN 25. SEPTEMBER KL. 14:00

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

**Noam Aviel**
hljómsveitarstjóri

**Sævar Helgi Bragason**
leiðsögumaður og kynnir

**Arngunnur Árnadóttir**
einleikari



### Dagskrá

Richard Strauss
**Svo mælti Zaraþústra**

John Williams
**Júragarðurinn, titillag**

Jón Leifs
**Hekla**

Terry Gilkyson
**Helstu nauðsynjar úr Skógarlífi**
*úts. Þórir Baldursson*

Bedřich Smetana
**Moldá**

Nacio Herb Brown
**Í rigningu ég syng**
*úts. Þórir Baldursson*

Benjamin Britten
**Stormurinn**

Lorne Balfe
**Mörgæsirnar frá Madagaskar**
*úts. Þórir Baldursson*

Rimskíj-Korsakoff
**Býflugan**

Wolfgang Amadeus Mozart
**Klarínettkonsert, 2 þáttur**

John Williams
**Stjörnustríð, titillag**

# Á DÖFINNI FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI

**LAU 11|12 & SUN 12|12**
**KL. 14:00 & 16:00**

## JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sívinsælir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð hátíð fyrir alla fjölskylduna. Eftirlætis jólatónlist allra, meðal annars Yfir fannhvíta jörð, Hin fyrstu jól og Gilsbakkaþula. Fjöldi gesta kemur fram með hljómsveitinni á þessum tónleikum.





**LAU 12|02 KL. 14:00**

## ÆVINTÝRIÐ UM TÖFRAFLAUTUNA

Töfraflautan eftir Mozart er ein dáðasta ópera sögunnar og sannkallaður ævintýraheimur fyrir unga sem aldna og er hér flutt í styttri útgáfu. Einsöngvarar eru Eyrún Unnarsdóttir, Sveinn Dúa Hjörleifsson, Oddur Arnþór Jónsson, Harpa Ósk Björnsdóttir og Bryndís Guðjónsdóttir. Sögumaður er Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

**LAU 30|04 KL. 14:00**

## SKILABOÐASKJÓÐAN

Við bregðum okkur inn í Ævintýraskóginn í fylgd frábærra leikara og söngvara sem leysa frá skjóðunni og gæða persónur skógarins lífi. Hér hljómar tónlist Jóhanns G. Jóhannssonar úr leikritinu Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson.



Litróf – Vistvæn prentun